

## Steinsteypa

### Steypuflokkar

Steypuflokkur hvers byggingarhluta, sem tilgreindur er hér að neðan, er auðkenndur samkvæmt ÍST EN 206 með skammstöfuninni **Cbb/cc:XEi-D**. **Cbb/cc** sýnir þrýstistyrksflokk steypu þar sem **bb** táknar tilskilið brotþol 150 x 300 mm sívalninga og **cc** táknar tilskilið brotþol 150 x 150 x 150 mm tenginga. **XEi** er umhverfisflokkur og **D** stærsta steinstærð efnis í mm.

Steypuflokkar sem notaðir eru í verkinu koma fram í töflu 1. á teikningu Töflu 1.1

### Samsetning steypu

#### Steinefni

Steinefni skulu uppfylla byggingarreglugerð hvað varðar skilyrði um alkálívirgni saltinnihald og berggreiningu. Auk þess skal steinefnið ekki innihalda óhreinindi eða efnisþætti sem geta skert steypugæði eða valdið tæringu á bendistáli. Kornalögun og kornadreifing steinefna skal vera þannig að viðunandi þjálni náist, þannig að fullnægjandi niðurlögn sé tryggð.

Þar sem sérstakar kröfur eru gerðar til fjaðurstuðuls eða útþornunarhraða skal steinefni steypunnar valið með tilliti til þess þ.e.a.s. þéttleiki steinefna.

#### Kornastærð

Hafa skal í huga að í ákveðnum tilfellum getur verið þörf fyrir minni hámarks kornastærð en gefin er í töflu 1.1, svo sem þegar þéttleiki járnabendingar er mikill.

#### Loftinnihald og veðrunarþol

Öll steypa sem verður fyrir áhrifum frosts skal vera loftblendin og skal loftmagnið vera mælt á byggingastað rétt áður en steypan er lögð í mót. Ef dæla er notuð við að flytja steypuna skal mæla loftmagn í steypunni eftir að henni hefur verið dælt

Veðrunarþolin steypa skal uppfylla eftirfarandi:

Veðrunarþol: Flögnun < 0,5 kg/m<sup>2</sup> eftir 28 umf. og < 1,0 kg/m<sup>2</sup> eftir 56 umf. (skv. SS137244/3%NaCl)

Loftdreifing:

Fjarlægðarstuðull: < 0,20 mm (skv. ASTM C457)

Vírt yfirborð: > 25 mm<sup>2</sup>/mm<sup>3</sup> (skv. ASTM C457)

Lágmarks loftmagn: 5%

#### Vinnanleiki

Þjálni steypu skal metin hverju sinni. Mesta leyfilega sigmál er 220 mm. Gerð er krafa um engan aðskilnað steinefna, sementsefju og vatns. Í flestum tilfellum er nauðsynlegt að nota sérvirk þjálniefni í steypuna til að tryggja steypugæðin.

#### Íaukar í steypu

Leyfilegt er að nota eftirfarandi íauka í steypu:

Flugaska, kísilyrk, slagg, kalksteinsméla, basaltsméla og mögulega fleiri.

Samsetning skal ákveðin í samráði við hönnuði

## Tafla 1.1 - Steypuflokkar

Steypuflokkur Heiti	1*	2	3**	4**	5	6
	C35/45:XC2-25	C20/25:XC2-25	C16/20:XC1-25	C16/20:XC1-25	C25/30:XC1-25	C30/37:XF3-25
Sívalningsstyrkur (MPa)	35	20	16	16	25	-
Umhverfisflokkur	XC2	XC2	XC1	XC1	XC1	XF3
Hámarks kornastærð (mm)	25	25	25	25	25	25
Lágmarks bindiefnamagn (kg/m <sup>3</sup> )	-	-	-	-	-	-
Loftdreifing	-	-	Skert loft	-	-	já
Veðrunarþol	-	-	-	-	-	já
Lágmarks fjaðurstuðull (MPa)	-	-	-	-	28.000	30.000
Svansvottuð	-	-	já	já	-	-
Byggingarhlutar	Botnplata innanhúss	Sökkjar, undirstöður og niðurgrafnir kjallaraveggir	Útveggir innan við einangrun	Innveggir	Berandi plötur þar með talin þakplata varin fyrir veðrun	Forsteyptar svalir

\* Steinefni skulu vera þétt þannig að metvatn steinefna sé undir 3%

\*\* Steypan skal gerð með 18% flugösku, 2% basalt eða kalksteinsméla og 10% kísilyrki


## Steypuskil

### Steypuskil af gerð I

Þar sem ný steypa kemur að eldri steypu í skilum skal hreinsa burt allt hröngl, óþetta steypu og óhreinindi, vökva skal eldri steypuna vandlega en varast að pollar standi í skilunum.

**Staðsetning:** Steypuskil séu með þessum hætti nema annað sé tiltekið hér að neðan eða á teikningum.

Vísid: 13.4.2022 15:59:37	Upretun: 19.04.2022
Útg. Dags. Skýring	Br.afi. Yfir.
A 19.04.22 Verkefningar	ÖÖ BJP



Hringhamar 9-19  
221 Hafnarfirði

Burðarvirki - Hringhamar 9-19  
Almennar skýringar  
Steinsteypa

TEKNI-NÚMÉR	SLABSTÆRÐ	HANNAÐ	ÖÖ
9354-001	A1	TEKNAÐ	MG
XX_1_04_02		YFIRFARÐ	BJP
DAGS	MELKVARÐI		ÚTGAFA
19.04.2022			A

Útgáfudagur og útgáfingaráskráðing: Frumútgáfa 12.04.2022

Höfundur: Ólafur Óddbjörnsson kl. 310380-3509

Höfundarstjóri: Haraldur Ingvarsson kl. 030956-3389